

## Barnagætur úr Bolungarvík.

Farðu nú að liggja og lúra  
lambið góða mitt,  
mjólkín súra millum dúra  
mýkir litla brjóstið þitt.

Farðu að sofa fyrir mig  
fyrst þú mátt og getur.  
Ég skal breiða ofan á þig,  
ofurlítið betur.

Hvað kanntu að vinna  
baggalútur minn.  
Þráðarkorn að spinna  
og elta lítið skinn,  
kveikja ljós og sópa hús,  
bera inn ask og fulla krús,  
og fara fram í eldhús.

Guð geymi börnin,  
bæði ung og smá!  
Vís er þeim vörnin  
voðanum frá.  
Sæl eru þau þá  
þegar þau fá sinn guð að sjá,  
heilaga engla horfa uppá,  
og með þeim syngja *gloría*.